

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Fornahvarf 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 9. maí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Fornahvarf 1. Í breytingunni felst að byggt er við núverandi íbúðarhús samtals um 29 m<sup>2</sup> viðbygging og 133 m<sup>2</sup> hesthús á norðvestur hluta lóðarinnar.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Markarvegur 9. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 23. maí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Markarveg 9. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og lóð um 5 m til austurs.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Jórsalir 12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. júní 2017 breytt deiliskipulag fyrir Jórsali 12. Í samþykktinni felst heimild til að setja kvist í þak í norður og byggja við þak á vesturgafli hússins.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem greind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Faldarhvarf 11-13. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. júní 2017 breytt deiliskipulag fyrir Faldarhvarf 11-13. Breytingin felur í sér að fella út fyrri samþykkt fyrir hringstiga og breyta í pallastiga, stækkun á stigapalli á norðurhlið húsanna yrdi 160 cm x 240 cm eða í heild 3,84 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Vallakór 6. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. júní 2017 breytt deiliskipulag fyrir Vallakór 6. Í breytingunni felst að svalir 9. og 10. hæðar á suðvestur hlið hússins fari 2 m út úr ytri byggingarreit.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Vatnsendi. Kríunes. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. júní 2017 breytt deiliskipulag fyrir Kríunes í Vatnsenda. Í breytingunni felst að:

færður er inn á deiliskipulag byggingarreitur fyrir kjallara við suðvestur hlið hússins, færður er inn á deiliskipulag byggingarreitur fyrir hæð og kjallara á norðaustur hlið hússins (til samræmis við samþykktar aðalteikningar frá 11. maí 2017), sótt er um hækkun á byggingarreit um 50 cm á hluta viðbyggingar (útsýnisstofa og lyftukjarni),

leiðréttur hæðakóti aðkomuhæðar aðalbyggingar færður inn á deiliskipulagsuppdrátt, er 81,35 m hæð yfir sjávarmáli í stað 81,60 m.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Dalþing 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 27. júní 2017 breytt deiliskipulag fyrir Dalþing 7. Í breytingunni felst heimild til að byggja parhús á lóðinni í stað einbýlishúss. Byggingarreitur er jafnframt færður um 1 m í suðvestur og 1 m í norðaustur (verður 16 m x 17 m í stað 14 m x 17 m).

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 28. júní 2017.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2017